

## Fundargerð stjórnar Félags kvenna í atvinnulífinu (FKA)

**Staður:** Hús atvinnulífsins

**Dagsetning:** 17. desember 2019

**Tími:** 8:30 til 10:30

**Mættar** voru stjórnarkonurnar:

Áslaug Gunnlaugsdóttir (ÁG), Hulda Ragnheiður Árnadóttir (HRÁ), Lilja Bjarnadóttir (LB), Margrét Jónsdóttir Njarðvík (MJN), Ragnheiður Aradóttir (RA) og Sigríður Hrund Pétursdóttir (SHP). Þá var framkvæmdastjóri félagsins Andrea Róbertsdóttir (AR) viðstödd.

**Dagskrá** fundarins var sem hér segir:

1. Dagskrá stjórnarfundar
2. Skýrsla framkvæmdastjóra
  - Mælaborð til stjórnar
  - Innheimta félagsgjalda
  - Viðburðir
3. Fjárhagsáætlun
4. Áherslur árið 2020 og stefna
5. Fjölmíðlaverkefni – Fjölmíðlaþjálfun og Sýnileikadagur
6. Samstarfsmál
7. Heimasíða FKA
8. FKA hátíðin 2020
9. Afmælisárið 2020
10. Önnur mál

Formaður stjórnar, Hulda Ragnheiður, setti fundinn og bauð fundarkonur velkomnar. Engar athugasemdir bárust frá stjórnarkonum varðandi boðun fundarins, afhendingu fundargagna eða annað. Ritun fundargerðar var í höndum SHP.

---

### 1. Dagskrá stjórnarfundar

Hulda Ragnheiður fór yfir dagskrá fundarins.

### 2. Skýrsla framkvæmdastjóra

Farið var yfir skýrslu framkvæmdastjóra. Samþykkt var að rita leiðbeiningar um skiptingu kostnaðar vegna landsbyggðardeilda. Fram til þessa hefur verið hægt að koma inn í FKA á hálfum félagsgjöldum frá áramótum til vors. Vegna innleiðingar á nýrri heimasíðu og einföldunar á utanumhaldi félagstals verður mögulegt að hafa breytilega gjalddaga á félagsgjöldum í stað þess að öll félagsgjöld séu á gjalddaga að hausti. Frá og með áramótum verða því engin hálf félagsgjöld í FKA, heldur verður félagsgjald greitt frá skráningardegi og gildir í almanaksárið þaðan í frá. AR sendir út tilkynningu þar að lútandi eftir áramót.

### 3. Fjárhagsáætlun

Umræðu um fjárhagsáætlun er frestað til næsta fundar.

### 4. Áherslur árið 2020 og stefna

Mörg kvennaafmæli verða árið 2020 og rætt var um hvaða áherslur FKA velur að hafa. Gengið hefur verið frá því við fræðslunefnd að leggja til tengilið við starfshóp sem undirbýr

ýmis hátíðahöld í tengslum við árið 2020. Unnur Elva Arnardóttir mun verða tengiliður við starfshópinn.

## **5. Fjölmiðlaverkefni – Fjölmiðlaþjálfun og Sýnileikadagur**

Staðan á fjölmiðlaverkefninu er góð. Verkefnið sem tengist fjölmiðlaþjálfun fór í auglýsingu í gær, 16. desember. Auglýst verður eftir konum til þátttöku í fjölmiðlaþjálfuninni á grundvelli skilgreininga sem komu út úr könnun meðal fjölmiðlamanna. Fjölmiðlafólk hefur lagt fram óskir um tiltekna þekkingu meðal kvenviðmælenda sem oftast er leitað að til viðtala í ljósvakamiðlum. Fjölmiðlaþjálfunardagurinn verður 8. mars og munu 10-12 konur komast að í þjálfuninni.

Ákveðið hefur verið að hafa Sýnileikadag 28. mars nk. sem opinn verður öllum félagskonum í FKA. Sýnileikadagurinn er afurð úr stefnumótunarvinnu FKA frá því í október en þar komu fram sjónarmið um mikilvægi þess að auka sýnileika FKA kvenna og styrkja þekkingu á því hvernig sýnileika er náð. Undirbúningur Sýnileikadagsins gengur vel. Auglýst var í gær eftir verkefnastjórum Sýnileikadagsins í markpósti til félagskvenna og tímamörk umsókna er um áramót.

## **6. Samstarfsmál**

HRÁ og AR eru að vinna að samkomulagi við aðila vegna samstarfs á komandi misserum.

## **7. Heimasíðan**

Vinna við nýja heimasíðu gengur vel þó að ljóst sé að heimasíðan verði ekki fullbúin fyrr en á fyrrihluta nýs árs. Vefráð er vel skipað og þar vinna allir að því markmiði að ný heimasíða komist í gagnid sem fyrst.

## **8. FKA hátíðin**

ÁG fór yfir verkefnastöðu FKA hátíðarinnar sem haldin verður 23. janúar 2020. Verkefnið er í góðum farvegi, búið er að taka við tilnefningum og verið er að stilla upp dagskrá.

## **9. Afmælisárið 2020**

Alþjóðanefnd heldur viðburð á alþjóðadegi kvenna 8. mars 2020. Að öðru leyti sjá lið 4 hér að ofan.

## **10. Önnur mál**

Ensk þýðing á texta á heimasíðu var samþykkt og nýtt heiti á ensku fyrir FKA er The Association of Businesswomen in Iceland.

Fundi sliti kl. 10:30.  
Fundargerð þessi var samþykkt af stjórnarkonum